

FLOKKUNARREGLUR OG IÐGJALDASKRÁ

102

15. okt.

Brunabótafélags Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 26, 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, eru hér með settar eftirfarandi flokkunarreglur og iðgjaldaskrá fyrir félagið.

Almennar reglur um iðgjaldareikning.

1. gr.

Reglur þessar gilda um byggingar og lausafjármuni, sem váttryggt er í félaginu (þar með talin húsgögn, vélar, búsgögn, gripir og allskonar afurðir, og einnig skip á höfnum inni eða á landi). Öll iðgjöld eru reiknuð af váttryggingarverði, þ. e. virðingarverði eða því verðmæti, sem upp hefir verið gefið, ef ekki er váttryggt samkvæmt virðingu.

2. gr.

Iðgjöldin eru fyrir váttryggingu í eitt ár og greiðast þau fyrirfram.

Fyrir áframhaldandi váttryggingar reiknast iðgjaldið í fyrsta sinn frá þeim tíma, sem váttryggingin gengur í gildi, til 15. okt. næst á eftir, og telst gjaldið $\frac{1}{12}$ fyrir hvern mánuð. Brot úr mánuði, $\frac{1}{3}$ eða meira, telst sem heill mánuður, minna broti er sleppt.

Sé um váttryggingu fyrir styttri tíma að ræða, reiknast gjaldið þannig:

allt að	1 mánuði	$\frac{1}{12}$ árgjaldsins, að viðbættum	50%
— —	2 mánuðum	$\frac{2}{12}$	45—
— —	3 —	$\frac{3}{12}$	40—
— —	4 —	$\frac{4}{12}$	35—
— —	5 —	$\frac{5}{12}$	30—
— —	6 —	$\frac{6}{12}$	25—
— —	7 —	$\frac{7}{12}$	20—
— —	8 —	$\frac{8}{12}$	15—
— —	9 —	$\frac{9}{12}$	10—
— —	10 —	$\frac{10}{12}$	5—
— —	11 —	$\frac{11}{12}$	3—
— —	12 —	heilt árgjald.	

Ef breytingar verða á váttryggingum á starfsárinu, sem valda breytingu á iðgjöldum, reiknast hin breyttu iðgjöld til 15. október næst á eftir, eftir sömu reglu sem segir í 2. málsgrein. Endurgreiðd iðgjöld fyrir tryggingar, sem ganga úr gildi, reiknast á sama hátt.

102

15. okt.

3. gr.

Almenn eldhættuákvæði. — Ef í húsinu er rekin atvinna eða iðnaður, eða þar eru birgðir eða annað, sem gerir það að verkum, að reikna verður herra iðgjald en lágmarksiðgjaldið, skal iðgjaldshækkunin gilda jafnt um alla bygginguna og það, sem í henni er.

Þegar kvikmyndahús, iðnaðarrekstur, steinolíu-, nafta- eða benzínbirgðir, lýsisbræðsla, trésmíðar með vélum, eða aðrar þær iðngreinir, sem aukin eldhætta stafar af, eru innan þeirra takmarka, sem greint er hér á eftir — nema annað sé sérstaklega ákveðið — hækkar iðgjaldið:

Hækkun í broti af iðgjaldi þeirrar áhættu, sem eldhættan stafar frá:

Ef fjarlægðin er:	á I. og II. fl. hús	á III. fl. hús
Minni en 6 metr.	allt að $\frac{1}{4}$	allt að $\frac{1}{4}$
6—15 —	— — $\frac{1}{2}$	— — $\frac{3}{4}$
15—30 —	— — $\frac{1}{4}$	— — $\frac{1}{2}$

Fullkominn eldvarnarveggur á milli áhætta telst jafngilda 15—30 m. fjarlægð, nema áhættunarb myndi vinkil sín á milli.

Fullkominn eldvarnarveggur telst vera 20 cm. þykkur steinsteypuveggur eða 30 cm. þykkur steinveggur, sem nær minnst 30 cm. upp fyrir húsbökun.

Ófullkominn eldvarnarveggur á milli áhætta jafngildir 6 cm. fjarlægð.

Ófullkominn telst eldvarnarveggur, sem gerður er eins og fullkominn eldvarnarveggur, ef á honum eru gáttir (dyr, gluggar, vindaugu), sem lokað er með eldvörðum útbúnaði.

4. gr.

Almennir skildagar. — Það er skilyrði fyrir gildi váttrygginga með því iðgjaldi, sem ákveðið er í 11. gr., að váttryggjandi afhendi skriflega yfirlýsingu (eftir því sem við á) um að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt. Að öðrum kosti er iðgjaldið $\frac{1}{2}\%$ herra í öllum flokkum og $\frac{3}{4}\%$ herra, ef þök húsanna eru ekki eldvarin.

a. Almennur húsaskildagi. — Eldstæði og reykháfar sé gerðir samkvæmt fyrirmælum laga um brunamál, 22. nóv. 1907, 8. og 9. gr., eða þeim lagafyrirmælum, sem koma kunna í þeirra stað.

Skilyrði um eldstæði og reykháfa eru þessi:

1. Opin eldstæði mega ekki vera í herbergjum, sem trégólf er í eða trébitar í gólf og hvergi nær stoðum eða öðrum viðum en svo, að 63 cm. (24 þuml.) sé á milli.
2. Ofnar og eldstór mega ekki vera nær tré eða öðru, er kviknað getur í, en svo, að um 21 cm. (8 þuml.) sé á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldstóm mega ekki vera nær tré en svo, að um 21 cm.

(8 þuml.) sé á milli. Þær skulu liggja inn í reykþáf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni.

102
15. okt.

4. Eldstór mega því aðeins standa á trégólfi, að um 11 cm. ($4\frac{1}{4}$ þuml.) að minnsta kosti sé frá gólfi upp að botni eldstórinnar og gólfið undir eldstónni sé þakið járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.
5. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfylltum eða opnum járn-fæti; sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er fyllir út í holið, um 5 cm. (2 þuml.) frá gólfi að minnsta kosti.
6. Þar sem ofnar eða eldstór standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldholinu vera þakið með efni, er ekki getur kviknað í, t. d. járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná a. m. k. um 31 cm. (12 þuml.) fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldstóna, og a. m. k. um 21 cm. (8 þuml.) út á gólfið til hliðanna og bak við.
7. Reykháfar skulu vera tryggilega hlaðnir upp úr tígulsteini eða grjóti, lögð í steinlim, eða gerðir úr steinsteypu, er sé a. m. k. um 12 cm. ($4\frac{1}{2}$ þuml.) á þykkt. Þar sem reykþáfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, sem og þar sem hann gengur gegnum þakið, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og sé a. m. k. um 17 cm. ($6\frac{1}{2}$ þuml.) milli þeirra bliða hans, er inn snúa og næstu við. Ekki má heldur þilja reykþáfinn eða klæða hann borðum, eða láta utan um hann veggfóður, sem limt er utan á lista. Reykþáfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli, eða liggja í hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trégólfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en um 24 cm. (9 þuml.) á hvern veg að innanmáli og ná a. m. k. 63 cm. (1 alin) upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en a. m. k. um 1 metra ($1\frac{1}{2}$ alin) upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykþáf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvíð reykþáfnum og traust járnhurð fyrir í járnurgerð. Inn í um 24 cm. (9 þuml.) víðan reykþáf má eigi leggja reykþápu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga á reykþáfnum utan um hverja þápu, þannig gerðan, að þápan geti eigi ýtt inn í reykþáfinn.

Eigi má reykþáfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða aðrir jafn eldfimir hlutir, nema hlífar séu reistar allt í kringum reykþáfinn í því herbergi að minnsta kosti 63 cm. (1 alin) frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykþáfnum.

Verði skilyrðum brunamálaganna um eldstæði og reykþáfa breytt, þá breytast skilyrðin 1—7 í samræmi við það.

b. Skildagi um þurrkun. — Þegar framleiddur hiti er notaður við atvinnurekstur eða til þurrkunar á vörubirgðum, er skildagi vátryggingarinnar þessi:

Eldfimir hlutir, sem þurrkaðir eru við framleiddan hita, mega eigi vera nær hitunarfærum, hitaleiðslupípum eða hitaleiðslugöngum en svo, að 1 metri sé á milli upp á við og 60 cm. til hliðanna, og eigi nær eldstæði en svo, að 1 m.

102 sé á milli, hvort heldur er upp á við eða til hliðanna. Svo skal og uppi yfir hit-
 15. okt. unarfærum, hitaleiðslupípum og hitaleiðslugöngum í 60 cm. hæð að minnsta kosti hafa þannig gerðan útbúnað, að óhult sé um, að þeir hlutir, sem verið er að þurrka, geti dottið niður á pípur eða leiðslur, sem hitinn kemur frá.

c. *Skildagi um sprengiefni (púður o. fl.).* — Á váttryggingum, þar sem geymt er púður og annað sprengiefni (þar með teljast flugeldar o. þ. h.), er sérstakur skildagi þessi:

- a. Í einkahúsum má ekki hafa meiri birgðir af sprengiefni en 2 kg.
- b. Í verzlunarhúsum má ekki hafa í búðinni og herbergjum, sem eru áföst henni, meira en 2 kg. af sprengiefni, en auk þess má geyma í íbúðarherbergjum í sama húsi birgðir, sem nema allt að 10 kg. alls. Ennfremur má í öðrum húsum sömu eignar geyma sem svarar 10 kg. af púðri, ef þau eru í minnst 3 m. fjarlægð frá öðrum húsum, eða eru aðgreind frá þeim með eldtraustum vegg; þó má aldrei vera minna en 10 m. fjarlægð á milli birgðanna í húsunum. Tvö kg. af flugeldum o. þ. h. teljast jafngilda 1 kg. af púðri.

Umbúðir um púður eiga að vera pappahulstur eða blikkhulstur, og ekki meir en $\frac{1}{2}$ kg. í hverju hulstri, en þau ber aftur að hafa í trékössum og ekki meir en 5 kg. í hverjum kassa. Flugelda ber einnig að geyma í trékössum.

Verzlunarbirgðir af hverskonar sprengiefni ber að geyma í sérstökum herbergjum, sem til þess eru ætluð eingöngu. Þau skulu vera á efstu hæð og sé hægt að læsa þeim.

5. gr.

Þegar til lýsingar er notað gas, acetylén eða annað ljós-gas, skal það skilyrði sett í skirteinið, að gasgeymirinn sé settur utanhúss og þá að minnsta kosti 3 m. frá húsum, sem eru í 1. fl., 6 m. frá 2. fl. húsum og 12 m. frá 3. fl. húsum (sbr. kaflann um húsaskipting).

Sé fyrirkomulagið á annan veg, hækka iðgjöldin fyrir þær byggingar, sem eru nær útbúnaðinum en ofan greinir, um minnst 20%.

Raflýsing hefir ekki í för með sér iðgjaldahækkun, ef allur útbúnaðurinn er á þann hátt, sem framkvæmdarstjórn félagsins fyrirskipar; að öðrum kosti hækkar iðgjald það, er um ræðir, um 50%.

Gasolinlampar. Ef slíkir lampar eru notaðir, er iðgjaldið tvöfalt.

Steinolíulampar (Kitson-Luz, Perpeua-, Sprit-glóðarlampar eða aðrir lampar af líkri gerð). Ef þess háttar lampar eru notaðir til ljósa, er skildaginn þessi:

1. Lampann má ekki hengja nær þaki eða lofti en svo, að 1 m. sé á milli, nema um steinhvelfing sé að ræða, eða tréð sé varið með 60×60 cm. þynnu úr jární eða asbesti, er fest sé innan á sjálft þakið eða loftið og snúi asbestið inn að trénu.
2. Leiðslurnar frá ljósmetisbrúsunum skulu varðar gegn ytri skemmdum 1,5 m. upp frá gólfi að minnsta kosti.
3. Ljósmetisbrúsana skal setja í hylki, er séu úr óbrennanlegu efni og opin

að ofan; eiga þau að vera því sem næst jafnhá ljósmetisbrúsunum og sandur á botninum. Þetta nær þó ekki til brúsa með kolsýruþrýsting, ef á kolsýrugeyminum er málmtappi, er bráðni við litinn hita, og ljósmetið auk þess rennur út úr smágeymi, er sé niðri í ljósmetisvökvanum í brúsanum.

102
15. okt.

4. Undir upphitunarsprittgeymi lampans á að vera nægilega stór lekabolli.
5. Eigi má nota lampa, sem svo eru gerðir, að ljósmetisgeymirinn er áfastur við sjálfa lampaumgerðina og fyrir ofan logann.

Ath. Ef ekki er farið eftir skildögunum, reiknast tvöfalt iðgjald samkvæmt iðgjaldaskrá.

6. gr.

Þar sem aflvélar eru notaðar eða gufuþrýsting gilda þessi ákvæði, nema annað sé sérstaklega fram tekið:

Fastur gufuketill og gufuvél. Í gufuketilsklefanum skal vera eldtraust gólf, veggir af steini eða bárujárn, loftið steipt eða þak úr bárujárn, sem hvili á járnringum; ef katlarnir eru að minnsta kosti 1,3 m. frá loftinu, má það vera úr tré, sem sé reyrkalkað eða klætt járnþynnum á listum. Reykháfurinn sé byggður samkvæmt fyrirmælum laga um brunamál (sjá húsaskildaga), sé að minnsta kosti 9 m. hár, ef gufuketillinn hefir minna en 15 hestöfl, annars 14 m. að hæð; undir öllum kringumstæðum á reyk háfurinn að vera 5 m. hærrí en húsmænirinn, þar sem hann er hæstur, í 10 metra fjarlægð. Eigi má þurrka á gufukatlinum eða í nánd við hann.

Sé þessum ákvæðum fylgt, hefir gufuketillinn enga iðgjaldahækkun í för með sér. Að öðrum kosti hækka iðgjöldin um minnst 3%.

Steinolíuhreiflar og dieselhreiflar. Ef hreifillinn er í sérstöku þar til gerðu húsi úr steini, bárujárn eða timbri, sem að innanverðu er klætt járnþynnum eða bárujárn, eða ef hreifillinn er í sérstöku herbergi með eldtraustu gólfi, loft og veggir sömuleiðis, hurðin úr tré, en járnvarin á alla vegu og eins dyraumbúnaðurinn, hefir steinolíuhreifillinn enga iðgjaldahækkun í för með sér. Að öðrum kosti reiknast aukagjald 5%.

Benzín-, nafta-, vinandahreiflar o. s. frv. Herbergið, sem hreifillinn er í, má eigi nota til annara hluta. Eldstæði má þar eigi vera. Veggir og loft (eða þak) í hreifilsherberginu skulu vera úr eldtraustu efni. Ef hreifillinn er í sérstöku hreifilshúsi, sem eigi er áfast öðrum húsum, má loftið þó vera úr tré, en verður þá að vera klætt samfelldri járnþynnu, er eigi sé nær mürskelinni en svo, að 5 cm. (um 2 þuml.) séu á milli. Gólfíð sé úr steini eða steinsteypu. Bjart skal vera í herberginu og vel búið um loftrás við loft og gólf með óbyrgðum loftopum út í bert loft, og skulu þau vera þannig sett, að gasið komist ekki inn í önnur herbergi gegnum glugga eða önnur op, sem nærri liggja. Veggir að næstu herbergjum skulu vera heilir, eða að minnsta kosti eigi önnur op á þeim en nauðsynleg eru fyrir hreyfiás eða pípur. Skulu þá vera járnþynnur utan um ásin eða pípurar, er falli alveg að þeim og séu festar á vegginn. Hurðin lokist sjálfkrafa og sé úr járn eða tré og járnvarin á alla vegu og eins dyraumbúnað-

102 15. okt. urinn; skal mega ljúka hurðinni upp út á við undir beran himin. Í gluggunum sé „Monier“-gler í fastri járnumgerð og möskvastærðin eigi yfir 2 cm. Herbergi upp yfir hreifilherberginu má eigi hafa til geymslu fyrir neiskonar hluti.

Útstraumspípan sé úr jární og fest saman með skrúfugröpum (Flancher) eða fast samanskrúfuðum hólkum. Hún má eigi liggja gegnum þak eða loft, heldur út í múrvegginn út í bert loft. Á pípuopinu skal vera neistanet, er félagið tekur gilt, og má opið eigi vera nær tré, hálmi eða öðru þess háttar en svo, að $6\frac{1}{4}$ m. (um 10 áln.) sé á milli. Ef engir slíkir eldfimir hlutir eru nær en svo, að yfir $12\frac{1}{2}$ metra bil (um 20 áln.) sé á milli, þarf ekkert neistanet.

Nú eru staðhættir þessum útbúnaði til fyrirstöðu, og má pípuopið þá liggja niður í vatn í brunni fyrir utan húsið. Á brunninum sé járnlok, sem falli alveg að.

Í hreifilherberginu má eigi vera annað benzín en í vökvageymi hreifilsins. Aðrar benzinbirgðir skal annaðhvort geyma í íláti, er grafið sé í jörð niður og þakið yfir, eða í eldtraustum klefa; má hann að vísu vera áfastur hreifilherberginu, en sé þó algerlega aðskilinn frá því með samfeldum múrvegg, hlöðnum úr einfaldri steinaröð að minnsta kosti. Dyrnar séu að jafnaði læstar og lykillinn í vörzlum sjálfráða manns.

Til lýsingar í hreifil- og benzinforða-húsum má einungis hafa rafmagnslampa með tvöföldu gleri og séu vör og tenglar (Kontakter) að utanverðu eða með loftheldum umbúnaði, — eða að öðrum kosti ljós að utanverðu bak við lofthelt „Monier“-gler.

Gufupípur eða eldstór mega eigi vera nær hreifli eða vökvageymi en svo, að 1,5 m. sé á milli.

Vökvageymi hreifilsins má einungis fylla við dagsbirtu, nema vökvinn sé dældur úr neðanjarðaríláti utanhúss.

Banna skal með uppfestum auglýsingum í herbergjunum, þar sem þær eru auðveldar aflestrar, að reykja þar tóbak eða nota þar óbyrgt ljós.

Á sama hátt skal brýnt fyrir mönnum að leggja öll notuð fægigögn í til þess ætlaðan járnkassa með járnloki í herberginu.

Sé framtöldum skilyrðum ekki fullnægt, hækkar iðgjaldið um 10%.

Rafmagnshreiftlar. Rafmagnsvélum (hreiflum, aflvökum, spennibreytum, straumskiptum) skal komið svo fyrir, að eldur, sem kynni að koma upp í þeim, geti eigi kveikt í eldnæmum efnum. Frá hreyfitólum skal svo gengið, að þau geti eigi valdið slíkri hitun á hlutum, sem kviknað getur í, að hætt sé við eldsvoða. Sé nokkur þau tæki, sem að ofan eru nefnd, í herbergi, þar sem sprengihætt efni eru framleidd og geymd, eða þar sem sprengihætta getur stafað af gastegundum, eldnæmu ryki, físi eða trefjum, skal gengið frá tækjunum með sérstöku tilliti til sprengihættunnar.

(Aflvaki = Dynamo; spennibreytir = Transformator; straumskiptir = Strömskifter; hreyfitól = Igangsætter; tengill = Kontakt).

7. gr.

102
15. okt.

Ef iðgjaldið, þegar sérstaklega stendur á, yrði óvenju hátt, eða ef um hús er að ræða, sem byggð eru venju fremur tryggilega gegn eldsvoða, er félaginu heimilt að ákveða lægra iðgjald, ef þess er skriflega farið á leit og nægilegar upplýsingar eru fyrir hendi. Á sama hátt er félaginu rétt að hækka iðgjöld, ef sérstaklega stendur á, eða ef til greina koma atriði, sem ekki er tekið tillit til í flokkunarreglunum.

Húsaskipting.

8. gr.

I. flokkur:

- a. Hús með steinveggjum eða steinsteypu og eldvörðu þaki.
Ef allir innveggir, loft og gólf er eldtraust, má reikna iðgjaldið fyrir húsið sjálft með 15% afslætti, sé þak einnig eldtraust getur afslátturinn numið allt að 30%. Iðgjaldið getur þó ekki orðið lægra en lágmarksiðgjald það, sem ákveðið er í 11. gr.
- b. Torfhús og hús byggð úr torfi og grjóti að veggjum, með torfþaki eða öðru eldvörðu þaki, þó því aðeins, að baðstofa og eldhús sé greint frá öðrum bæjarhúsum með vegg, og sé veggurinn annaðhvort steptur eða steinlímur upp úr, og þá eigi þynnri en 10 cm., eða úr torfi eða torfi og grjóti, og þá eigi þynnri en 1 m. Eigi mega vera fleiri dyr en einar á slíkum veggjum og þær eigi stærri en 90 cm. á breidd og 2,2 m. á hæð. Engar gáttir mega vera á slíkum veggjum utan dyra eða ofan dyra og engir viðir í gegnum þá eða í þeim aðrir en hurð og dyraumbúnaður. — Til þessa flokks teljast peningshús og önnur útilhús, nema heyllöður, ef þar er hvorki eldstæði eða íbúð.

II. flokkur: Hús með útveggjum, sem eru allir klæddir bárujárnri eða skifum og með eldvörðu þaki.

III. flokkur: Öll önnur hús.

Sambyggð hús, án nokkurs eldhættis atvinnureksturs, flokkast hvert fyrir sig, ef þau eru aðgreind með steinvegg eða steinsteypuvegg, enda séu hurðir, gluggar eða hlerar í öllum gáttum veggjarins, og þökin ekki sambyggð.

Afslættir fyrir slökkvivarnir.

9. gr.

- a. Opinberar slökkvivarnir. — Afsláttur, sem gefinn er eða gefinn kann að verða fyrir opinberar slökkvivarnir á tilteknum stöðum gildir, yfirleitt, nema annað sé tekið fram.
- b. Einkaslökkvivarnir (innan húss):
 1. Fyrir hús, sem iðngreinir eru reknar í, sem valda aukinni eldhættu, má gefa afslátt af iðgjaldi, ef á hverri hæð hússins er vatnsslanga eigi mjórri en 1" í þvermál og tengjanleg við vatnsleiðslu innan húss tilheyrandi

102
15. okt.

vatnsveitu, sem félagið tekur gilda í þessu tilliti. Hver slanga má ekki vera lengri en 15 m., en þær verða að vera svo margar að þær nái um alla hæðina. Í stað vatnsslagnanna mega vera viðurkennd slökkvitæki eða hússlökkvidælur.

Afslátturinn getur numið:

- a. Í húsum, sem virt eru 50 þús. kr. eða meira, allt að 5%.
 - b. Í húsum, sem lægra eru virt, allt að 10%.
2. Fyrir önnur hús má með sömu aðgreiningu á váttryggingarupphæð gefa sama afslátt, ef í þeim eru venjuleg (normal) slökkvitæki (sjá aths. c) eða aðrir öflugri eldvarnir.

Félagið viðurkennir fyrst um sinn eftirtalin slökkvitæki og hússlökkvidælur:

- a. Fyrir slökkvilið, háspennur og annars staðar þar sem þörf er á frostfríum áhöldum:

Knock-Out (Tetra)	3 lítra að stærð
Pyrene (Tetra)	1 og 9 — — —
- b. Froðuslökkvitæki viðurkennd til að slökkva eldfima vökva:

Knock-Out Special	10 — — —
Perceo	8 — — —
Phomene	10 — — —
- c. Venjuleg (normal) slökkvitæki:

Minimax (vatn)	12 — — —
Knock-Out (froða)	10 — — —
Pondus (vatn)	12 — — —
- d. Hússlökkvidælur:

A. Aanonsen Blik & Metalvarefabr., Lakkeg. 21, Oslo. — Kopardæla.

Eldtraust og eldvarin gerð húsa.

10. gr.

Orðin eldtraustur og eldvarinn tákna það sem hér verður greint, nema annað sé sérstaklega tekið fram:

Veggir, gólf, loft og þök nefnist eldtraust, sé byggt úr steinsteypu eða múrsteini eða því líku efni; járn öll séu hulin í steypunni.

Herbergi teljast eldtraust, ef þau eru albyggð eins og framan greinir. Gáttir, sem eru nær eldfimu efni, s. s. öðrum húsum, vörum, eða dyrum, eða gluggum, eða efri timburhæðum sama húss en 6 m., skulu vera byrgðar, annaðhvort með eldvörðum hurðum eða 7 m. m. þykku járnþentu gleri í járnumgerð í gluggum, sem ekki er unnt að opna.

Veggir, gólf, loft og þök nefnast eldvarin ef undirlög eru úr járni klædd bárujárn, eða öðru jafn eldtraustu efni, sömuleiðis undirlög úr timbri klædd bárujárn með óeldfimum pappa á milli, eða klædd 2½ cm. þykkum Rabbitz;

2½ cm. þykkum Kokolitplötum; ¾" þykkum Kiv-ron-plötum eða öðru álíka óeldfimu efni.

102
15. okt.

Herbergi teljast eldvarin, sem að innan eru albyggð eins og að ofan greinir um eldvarða gerð. Um fjarlægðir og umbúnað gátta gildir sama og um eldtraust herbergi.

Hurðir teljast eldvarðar sem smíðaðar eru úr tvöföldu lagi af krosslögð-um harðviði, minnst 2½ cm. á þykkt, klæddum á bæði borð með 1 mm. þykk-um tinuðum eða galvaniseruðum járnplötum greiptum saman á jöðrunum. Dýraumgerð og dyragóflisti (þröskuldur) sé eins varið, ef það er úr timbri. Öðruvísi gerðar hurðir má taka gildar, séu þær gerðar á jafn eldtraustan hátt.

Þök (að utan) teljast eldvarin, sem lögð eru með flisum, bárujárnri, steinplötum, tígulsteinum eða pappa, sem félagið hefir viðurkennt eldtraustan.

Almenn iðgjöld.

11. gr.

Árlegt iðgjald á 1000 kr.

	I.	II.	III.
Almennt iðgjald fyrir hús og lausafé, sem í þeim er váttryggt, þegar ekki er reiknað sérstakt iðgjald, sbr. þó 4. gr.	2¼	6	8

Þegar húsið er varið eldhættu frá nágrannahúsum eða vörubirgðum með 30 metra fjarlægð eða meiri, reiknast 40% afsláttur af iðgjaldinu. Sé fjarlægðin 20—30 m. reiknast 20% afsláttur.

Afslátturinn reiknast einnig fyrir lausafé, sem váttryggt er í húsinu.

Af þessum ástæðum getur iðgjaldið þó ekki orðið lægra en:

1. Fyrir hús	1,6	3,2	4,2
2. Fyrir lausafé	2	3,2	4,2

Fyrir afslátt vegna sérstaklegra eldtryggrar gerðar, samkv. 8. gr., eða innanhúss slökkvivarna, samkv. 9. gr., geta iðgjöld orðið lægst:

a. Með eldtraustu þaki.

1. Hús	1,2‰
2. Lausafé	1,6—

b. Með ekki eldtraustu þaki.

1. Hús	1,6‰
2. Lausafé	1,8—

Sérstök iðgjöld.

12. gr.

1. Acetyléngasstöðvar og þess háttar ljósstöðvar (sjá 5. gr.). Fyrir það hús, sem gasstöðin er í, greiðist þó að minnsta kosti	8	14	20
--	---	----	----

102
15. okt.

Vatns-slökkvitæki eru ekki tekin gild til þess að af-sláttur fáiast af þessum stöðvum.

I. II. III.

Áburðarmjölsvinnsla (sjá sildarbræðslu).

Beinamjölsvinnsla (sjá sildarbræðslu).

Beykisvinnustofur (sjá trésmiðavinnustofur).

2. Birgðir innan húss, í skúrum eða undir beru lofti:

- a. Hreinsuð steinolía meira en 10 tn. 12%.
- b. Nafta, benzín og þess háttar eldnæmar olíur meira en 40 ltr. 24%.

c. Timbur (plankar og borð):

1. Ef minnst 30 m. óbyggt svæði er milli þess og húsa eða birgða 7%.
2. Ef fjarlægðin er minni: Sama gjald og fyrir næsta hús eða birgðir, þó minnst 7%.

d. Hey:

1. Í húsum 4 6 8
2. Undir beru lofti:
 - a. Ef það er í minnst 20 m. fjarlægð frá húsum eða birgðum 3%.
 - b. Annars: Sama iðgjald og af næsta húsi eða birgðum. Ef hey er vátryggt einnig fyrir sjálfkveikju, hækkar iðgjald um 20%.

e. Fiskur:

1. Í húsi (og á tilheyrandi þurkretum) 2 5 7
2. Úti (í stökkum):
 - a. Ef hann er í minnst 15 m. fjarlægð frá húsum eða birgðum 2%.
 - b. Annars: Sama iðgjald og af næsta húsi eða birgðum.
3. Bifreiðageymsla:
 1. Fyrir 1 bifreið breytist ekki iðgjald hússins.
 2. Fyrir 2—5 bifreiðar 6 12 14
 3. Fyrir 5 bifreiðar o. fl. 8 16 18

Skildagar:

Um 1—3.

Sé timburgólf í geymsluhúsinu, hækkar iðgjaldið um 3%.

Sé veggir og þak eldvarið og gólf eldtraust lækkar iðgjaldið um 30%.

Iðgjaldið reiknast með 10% viðbót, ef ekki er haft í geymsluhúsinu slökkvitæki viðurkennd við slökkvun á eldfimum vökvum, sbr. 9. gr.

Sérstakir skildagar:

1. Upphita má aðeins með gufu, vatni, eða rafmagni.

	I.	II.	III.	102
Rafmagnsöfnar mega ekki verða heitari á yfirborði en 150° C; allar rafmagnsleiðslur verða að vera einangraðar. Innan húss má nota aðeins rafmagnsljós með loftþéttum hjálmum og slökkvurum. Vör (Sikringar) og tenglar eiga einnig að vera loftþétt eða utanhúss.				15. okt.
2. Án samþykkis eftirlitsmanns brunavarna má ekki hafa innanhúss annað benzín en það, sem er á bílum. Hvorki má tæma eða fylla benzíngeymana inni í húsinu.				
3. Tóbaksreykingar mega ekki vera innanhúss.				
4. Vindaugu eiga að vera á þaki og á veggjum við gólf.				
4. Brauðgerðarhús	3	7	9	
Dráttarbrautir (sjá skipasmíðastöð).				
5. Félags- og samkomuhús:				
a. Ef ekki er í húsinu kaffihús, kvikmyndahús eða önnur leikhús	2¼	6	8½	
b. Ef veitingar eru í húsinu: Sama iðgjald sem fyrir veitingarstaðinn.				
Fiskmjölsvinnsla (sjá sildarbræðslu).				
Fiskúrgangsvinnsla (sjá sildarbræðslu).				
Fóðurmjölsvinnsla (sjá sildarbræðslu).				
6. Hús í smíðum	3	8½	8½	
7. Iðnaðarfyrirtæki, sem ekkert sérstakt er tekið fram um, greiða 1% viðaukagjald auk hins venjulega.				
Ath. 1. Sé fyrirtækið rekið með vélum, sem hafa 2 hestöfl eða meira, telst áhættan vera söm og við verksmiðjuíðnað.				
Ath. 2. Viðvikjandi skildaga um þurkun, sjá 4. gr.				
8. Íshús	2	4	6	
Ef notaðar eru aflvélar, reiknast, auk hins venjulega viðbótariðgjalds fyrir vélgang, aukaiðgjald	0,5	1,5	1,5	
9. Kirkjur:				
1. Að minnsta kosti í 30 m. fjarlægð frá næsta húsi og án hitunartækja	1¼	2¼	3¾	
2. Annars	2¼	6	8	
10. Kvikmyndaleikhús:				
1. Sé útbúnaðar og rekstur samkvæmt eftirfylgjandi ákvæðum	5½	9	14	
a. Ljóstækjaherbergið og inngangurinn að því skulu á alla vegu umlukt múrvegg eða lagi af járnbentri steinsteypu, er sé minnst 8 cm. á þykkt. Útihurðin að innganginum og innri hurðin milli hans og herbergisins skulu vera eldtraustar, lokast sjálfkrafa og svo gerðar, að þeim verði lokið upp út á við.				

102
15. okt.

Á sjálfu áhaldaherberginu mega einungis vera nauðsynleg birtuop og gægjugöt. Í birtuopunum skal vera 5 mm. þykkt gler í málmumgerð. Rúmmál gægjugatanna má í hæsta lagi vera 100 ferh. cm. og skulu þau byrgð með samskonar gleri og birtuopin, eða með gljástainsplötu.

Ennfremur skulu vera í herberginu loftpípur út í bert loft fyrir loftrás innan og utan, 200 fersm. minnst að innanmáli; fyrir loftopin skal sett tvöfalt Davy's öryggisnet.

- b. Rafmagnsútbúnaðurinn í ljósatækjaherberginu. Fastar rafmagnstaugar skulu vera í málmþípum, straumrofar og viðnámstæki standa á óeldfimu efni og viðnámstækin umlukt götuðum málmplötum.
- c. Myndræman (filman) skal vera á málmkefli og vefjast upp á annað kefli jafnóðum og sýnt er. Utan um hvert kefli skal vera þétt málmhylki og gegnum útveggi þess sé myndaræman rakin á þann hátt (t. d. milli möndla sem liggja fast saman), að eldur í þeim hluta ræmunnar, sem sýndur er, læsist ekki í ræmunu á keflunum.

Sá hluti myndaræmunnar, sem ljósið fellur á, skal þannig varinn milli glerflata, eða á annan hátt, að eldhættan frá ljósgjafanum verði minni. Ennfremur skal sett hreyfanleg ljóshlíf milli ljósgjafans og myndaræmunnar til þess að draga úr ljósmagninu, þegar ræman hreyfist ekki.

- d. Meðferð og slökkviáhöld. Eigi mega aðrir fást við vélar og áhöld í ljóstækjaherberginu en fullkomlega áreiðanlegir og verkfróðir fullorðnir menn (eldri en 20 ára).

Óbyrgt ljós má eigi nota og bannað er með öllu að kveikja á eldspýtu eða reykja.

Kefli, sem ekki eru á áhaldinu eða verið er að vinda upp á, skal geyma í járkassa úr minnst 2 mm. járnþynnu og með loki, er falli alveg að.

Í ljóstækjaherberginu skal ávallt vera viðurkennt slökkvitæki.

- e. Vátryggingin nær eigi til skemmda, sem rafmagnsstraumurinn veldur á áhaldinu.

Skemmdir á myndaræmum, sem eru á áhaldinu, verða eigi bættar.

2. Að öðrum kosti

Ef áhaldaherbergið er eldvarið að innan lækkar ið-gjaldið um 40%.

I. II. III. **102**
15. okt.

11. Leikhús:

1. Fast leikhús sama sem fyrir veitingahús í sambandi við leikhús.
2. Þegar leyfi er til að halda einstöku sinum sýningar:

Aukagjald (við það gjald, sem annars greiðist fyrir hlutaðeigandi hús) $\frac{1}{2}\%$ fyrir hverja sýningu með 2% sem lágmark og 15% sem hámark.

12. Lýsisbræðsla 12 14 17

13. Skip í höfn eða á þurru landi:

- a. Timburskip: Sama iðgjald og timburhús, þó ekki lægra en 6% .
- b. Járnskip: Sama iðgjald og steinhús, þó ekki lægra en 2% .

Skip í smiðum (sjá skipasmíðastöð).

14. Skipasmíðastöð (hér með dráttarbraut með öllu tilheyrandi):

a. Án aflvéla $8\frac{1}{4}\%$.

b. Með aflvélum: Félagið ákveður iðgjaldið í hvert skipti eftir öllum þeim gögnum og upplýsingum, sem fyrir liggja til þess að dæma um áhættuna. Til bráðabirgða greiðist iðgjald, sem um sé getið í skirteininu að breytist er iðgjaldið verði fast ákveðið, og sé það minnst 14% .

Tjörusúða má ekki eiga sér stað nær húsum, dráttarbrautum eða birgðum, sem eru eldfimar, en í 15 m. fjarlægð.

Ef trésmíðavinnustöð er á skipasmíðastöðinni, má iðgjaldið ekki vera lægra en fyrir trésmíðavinnustöðvar.

15. Sildarbræðslu-, fóðurmjöls- og áburðarmjölverk-smiðjur 20 23 26

Aukaiðgjöld:

1. Ef heitu mjöli er steypt á timburgólf 5% .
2. Ef rafmagnshreiflar eru ekki rykþétt innmúraðir þar sem ryk myndast 5% .
3. Ef eldstæði eru í verksmiðjunni önnur en þau, sem notuð eru við þurrkunina 5% .
4. Ef unnið er úr lifrarúrgangi (hömsum, grút), hákarla-kjöti, selkjöti eða hvalkjöti 20% .
5. Ef rykherbergið frá þurrkuninni er inni í verksmiðjunni eða hurð á milli þess og hennar 10% .

Afslættir:

1. Þar sem gufuburrkun er eða engin þurrkun í áburðarmjölverksmiðju 15% .

102
15. okt.

2. Sé þurrkunin og mölunin í sérstöku eldtraustu herbergi, eða — þar sem svo er umbúið sem segir í 1. tölulið — aðeins mölunin 50%.
3. Séu notuð aðeins rafmagnsljós 5%.
4. Ef viðurkenndur segul-umbúnaður er fyrir framan mölunarvélinu 5%.
5. Ef eingöngu er unnið úr þurrkuðum fiskúrgangi 15%.

Viðbótariðgjöld og afslættir koma til greina í sömu röð og það er talið.

16. Trésmiðvinnustöðvar og timbursmiðjur.

a. Án vélgangs:

Iðgjaldið reiknast eins og af húsum með viðbót:

1. Fyrir hvern hefilbekk $\frac{1}{2}\%$.
2. Fyrir hvern límofn 1%.

b. Með vélgangi:

Iðgjaldið reiknast eins og af a. með viðbót:

1. Fyrir allt að 5 vélar 5%.
2. Fyrir hverja vél, sem umfram er $\frac{3}{4}\%$.

Skildagi um a.:

Ef ekki er á vinnustöðinni viðurkennt slökkviáhalð reiknast viðbót 10%.

Skildagi um a. og b.:

1. Ef í vinnustöðinni er þurkherbergi, sem hitað er með öðru en gufu eða heitu vatni, reiknast viðbót 5%, en getur lækkað, ef ofnarnir eru í eldtraustu herbergi.
2. Ef fram fer húðun (lakering) með eldfimu lakki með ásprautun, nema í eldtraustu herbergi sé, reiknast viðbót 5%.

Alls staðar þar sem húðun fer fram með ásprautun, ber að hafa slökkvitæki viðurkennt til slökkvunar á eldfimum vökvum. Sé það vanrækt, reiknast iðgjaldið með 10% álagi.

Skildagar um allar trésmiðjur:

1. Auglýsingar skulu vera uppfestar um bann við tóbaksreykingum og bann við því að ganga með óbyrgt ljós.
2. Framan við eldstæði skal vera járnkassi 50 cm. hár og þannig fyrir komið, að glæður og neistar frá eldhólfinu falli í hann.
3. Timbur má ekki vera nær eldstæðum en í 1 m. fjarlægð.
4. Tréspæni og sag verður að hreinsa daglega úr vinnustöðinni.
5. Tuskur, þráðskúfa og hamprudda o. þ. h., sem orðið er gegndreypt í olíu, ber að geyma í járnkassa með járnloki.

I. II. III.

Árlegt iðgjald á 1000 kr.

	I.	II.	III.	102 15. okt.
17. Veitingastaðir (matsala og kaffihús):				
a. Án leikhúss	3	7	9	
b. Með leikhúsi án leiksviðaljósa	4	12	14	
c. Með leikhúsi með leiksviðaljósum	6½	17	24	

Fyrir leiksyningar um stundarsakir, sjá leikhús.

18. Verksmiðjur, þar sem notað er vatnsafl, gufuafli eða aðrar aflvélar, sem eru meira en 2 hestöfl

3	8	11
---	---	----

Ef unnið er timbur í verksmiðjunni, er þó iðgjald, sem greiðast verður fyrir þetta, reiknað, ef það er hærra en hið ofantalda.

Iðgjöld fyrir iðnrekstur, sem ekki getur heimfærst undir neitt af því sem að framan er talið í iðgjaldaskránni, ákveður félagið sjálft að fengnum nægum upplýsingum.

Skildagi er þessi:

1. Í gufuketilsklefum eða mjög nærri gufukötlum, ofnum, reykeða gufuleiðslum má eigi hafa eldfima hluti. Leiðslur fyrir ókælda gufu, sem eigi eru einangraðar, verða að vera í 5 cm. (um 2 þml.) fjarlægð frá viðum a. m. k. nema asbestplata sé milli leiðslunnar og viðanna þeim til hliðar.

Við eldstæðin má eigi vera meira eldsneyti en þörf er á til eins dags í mesta lagi.

Þegar glæður, gjall, aska eða annar úrgangur er tekinn út úr eldstæðum, skal annaðhvort láta það í fullkomlega örugg ílát úr málmni eða steini, eða slökkva þegar rækilega í því og flytja það síðan út úr húsinu á óhultan stað.

Þurrkun:

2. Eldfimir hlutir, sem þurrkaðir eru við framleiddan hita, mega eigi vera nær hitunarfærum, hitaleiðslupípum eða hitaleiðslugöngum en svo, að 1 m. (um 1½ alin) sé á milli upp á við og 0,6 m. (um 1 al.) til hliðanna, og eigi nær eldstæði en svo, að 1 m. (um 1½ al.) sé á milli bæði upp á við og til hliðanna. Svo skal og uppi yfir hitunarfærum, hitaleiðslupípum og hitaleiðslugöngum í 0,6 m. (um 1 al.) hæð a. m. k. hafa þannig gerðan útbúnað, að óhult sé um, að þeir hlutir, sem verið er að þurrka, geti dottið niður á pípur eða leiðslur, sem hitinn kemur frá.
3. a. Log, sem höfð eru til lýsingar, mega eigi vera nær eldfimu efni en svo, að 1 metri (um 3 fet) sé á milli, ef hið eldfima efni er upp yfir loganum, og 0,3 úr metra (um 1 fet), ef það er til hliðar, nema

102

15. okt.

I. II. III.

járnhlíf, er sé 0,3 úr metra á hvern veg minnst, sé á milli logsins og hins eldnæma efnis, og svo langt frá hvoru um sig, að ekki geti kviknað í. Log, sem færa má úr stað og geta komið svo nærri eldfimu efni, að hætta stafi af, skulu útbúin með öruggum hemlum. Lampa, sem brennt er á steinolíu eða öðrum jarðolíum, má einungis hreinsa og fylla við dagsbirtu og skal gera það utan verksmiðjunnar, ef unnt er. Ef birgðir af lýsingarvökum fara fram úr 200 lítrum, skal geyma þær í sérstöku húsi. Til umburðar í verksmiðjum og birgðahúsum má einungis nota vel lokuð ljósker í vírumgerð.

- b. Sé raflýsing notuð skal þessa gætt: Aldrei má hengja neitt á eða neðan í veggfastar taugar. Hreyfanlegar taugar má ekki stytta með hnútum eða þvíuml., eigi heldur vefja þeim utan um nagla, króka eða aðra rafleiðandi hluti né utan um eldfima hluti. Glóðarlampar mega ekki geta snortið hluti, er kviknað getur í. Á bogalömpum skal vera hentugur útbúnaður til að koma í veg fyrir, að glóandi kolaagnir, sem niður falla, verði að meini.

Sérstakan útbúnað skal hafa til hlífðar hreifanlegum taugum, ef hætta er á, að þær verði fyrir hnjaski.

Á vasalömpum skal vera virnet til hlífðar, eða aukagler.

Sérfróðir menn skulu að jafnaði að minnsta kosti einu sinni á ári athuga rafmagnsútbúnaðinn.

Til vara má einungis hafa til lýsingar olíulampa í lokuðum ljóskerum.

Fægigögn:

4. Þráðskúfa, tuskur, hamprudda og því um líkt, sem notað hefir verið til að þurrka eða fægja vélahluta, skal brenna á hverju kvöldi, eða geyma í járnkassa með loki þar sem ekkert mein getur hlotizt af, þótt í því kvikni.

Úrgangur:

5. Eldfiman úrgang skal einu sinni á dag a. m. k. og jafnan eftir vinnutíma hreinsa burt úr vinnustofunum og flytja á óhultan stað eða geyma á þann hátt, sem yfirvöld fyrirskipa.

Umbúðaefni:

6. Mjög eldfima hluti, sem hafðir eru til umbúða og upp-

yllingar, svo sem hálm, hey, hamprudda, spónull og þess konar, skal geyma í sérstöku herbergi, og má ekki hafa meira af því á vinnustofunum en þörf er á til eins dags í mesta lagi.

Tóbaksreyking:

7. Tóbaksreyking er bönnuð nema í skrifstofum og íveruherbergjum.

19. Verzlun og sérhver önnur kaupmennskustarf-ræksla:

1. Þegar:

a. í sölubúðum er slökkvitól, sem félagið tekur gilt og

því er ávallt haldið í nothæfu standi 3 6½ 8¾

b. eldstæði og reykháfar eru þar að auki gerðir samkvæmt ákvæðum laga um brunamál 2¾ 6¼ 8¼

2. Annars 3 7 9

3. Vörugeymsluhús, sem í eru geymdar einungis útflutningsvörur, og liggja að minnsta kosti 30 m. frá næstu húsum og hafa þar að auki ekkert eldstæði 2¾ 6½ 8¼

Um 1—2. Sérstakur skildagi:

Banna skal með uppfestum auglýsingum í verzlunarhúsunum að bera þar um óbyrgt ljós. Gildi vátryggingarinnar er bundið því skilyrði, að eigi séu á verzlunarbúinu meiri birgðir af hreinsaðri steinolíu en 10 tn., og eigi meira en 40 lítrar af nafta, benzini og áþekktum eldfimum vökvum.

Séu birgðirnar meiri en þetta, fellur skildaginn burtu, en iðgjaldið fyrir allar byggingarnar er reiknað sem fyrir birgðir þær er um ræðir í 2. tölulið þessarar greinar.

Um 3. Sérstakur skildagi:

Banna skal með uppfestum auglýsingum í varningshúsum að reykja þar tóbak eða fara um með óbyrgð ljós.

Það hækkar ekki iðgjöldin, þó í húsunum sé beykis- eða trésmíðavinnustöð, sem rekin er með handafli og einn maður starfi þar. Ef fleiri menn vinna þar að þessum iðnum, gilda sömu iðgjaldaákvæði og um trésmíðavinnustöðvar og timbursmiðjur.

20. Vörubirgðir utan húss á óbyggðu svæði, að undan- tekinni steinolíu og öðrum eldfimum efnum, ásamt timbri.

1. Ef að minnsta kosti 30 m. óbyggt svæði er milli þeirra og næstu húsa eða annarra birgða 6‰.

2. Ef fjarlægð er minni er sama iðgjald sem fyrir næsta hús eða birgðir, þó ekki lægra en 6‰.

Vélavinnustöðvar, vélsmiðjur, bifreiðaviðgerðir.

a. Án trésmíði 3 7 9

Árlegt iðgjald á 1000 kr.

I. II. III. 102

15. okt.

102
15. okt.

	I.	II.	III.
1. Ef innanhúss fer fram viðgerð á bílum eða bifhjólum, eða ef reyndir eru hreiflar í herbergi þar sem ekki er eldtraust gólf og veggir og þak eldvarið, hækkar iðgjaldið um	1,5	3	3
2. Ef innanhúss fer fram ásprautun á eldfimu gljáefni (lakki) (ikveikjumark undir 22° C., Ducolakk o. þ. h.) eða ef þurkofninn er hitaður með öðru en gufu eða heitu vatni, nema í herbergi sé, sem útbúið er svo sem segir í 1. tölulið, hækkar iðgjaldið um	3	5	5
Ef í herberginu er ekki slökkvitæki viðurkennt til að slökkva með eldfima vökva, reiknast viðbót við iðgjaldið 10%.			
b. Með trésmíði: Iðgjaldið er eins og á trésmíðavinnustöðvum þó ekki lægra en í a.			

13. gr.

Húseignir ríkisins með því lausafé sem í þeim er váttryggt — enda sé þar ekki iðnrekstur — geta orðið teknar í váttryggingu með sérstökum afslætti frá því sem ákveðið er í iðgjaldaskránni, allt að 10%.

14. gr.

Þeir kaupstaðir og kauptún, sem hafa vatnsveitu og auk þess slökkvi-útbúnað í svo góðu lagi, sem framkvæmdarstjórn félagsins telur viðunandi, geta vænt að fá samning við félagið um lækkun iðgjaldanna. Slikt verður að gerast með sérstökum samningi við bæjarstjórn eða sveitarstjórn á hverjum stað.

Ennfremur getur félagið hækkað iðgjöldin á þeim stöðum, sem vanrækt er að fullnægja ákvæðum laga um brunamál. — Félagið getur tekið hærri iðgjöld fyrir lausafé en fyrir hús.

15. gr.

Flokkunarreglur þessar og iðgjaldaskrá öðlast þegar gildi og eru jafnframt úr gildi feldar flokkunarreglur og iðgjaldataxti um sama efni frá 16. janúar 1917.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. október 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.